

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 16. nóvember 2014 kl. 17:00

Gunnar Kvaran

sjötugur



Einleikari:
Gunnar Kvaran

Stjórnandi:
Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: Forleikur að La Clemenza di Tito

François Couperin: Pièces en Concert

1. *Prélude*
2. *Siciliéne*
3. *La Tromba*
4. *Plainte*
5. *Air de Diable*

Gabriel Fauré: Élégie, op. 24

– HLE –

W. A. Mozart: Sinfónía nr. 31 í D-dúr, K 297, Parísarsinfónían

Allegro assai

Andantino

Allegro



Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna eru að þessu sinni tileinkaðir **Gunnari Kvaran** í tilefni af sjötugsafmæli hans á þessu ári. Það er hljómsveitinni sérstakur heiður að fá Gunnar sem einleikara og fá tækifæri til að vinna með honum að þessu verkefni.

Gunnar hóf tónlistarnám í Barnamúsíkskólanum þar sem kennari hans var Dr. Heinz Edelstein. Síðar stundaði hann nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Einari Vigfússyni og við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn þar sem kennari hans var prófessor Erling Blöndal-Bengtsson. Framhaldsnám stundaði hann hjá prófessor Reine Flachot í Basel.


Gunnar Kvaran hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík í þrjátíu ár og var ráðinn prófessor við tónlistardeild Listaháskóla Íslands haustið 2005. Hann stundar auk fastra starfa umfangsmikið tónleikahald bæði heima og erlendis. Hann hefur haldið einleiks- og kammertónleika í mörgum Evrópulöndum, auk Bandaríkjanna og Kanada og m.a. komið fram í Wigmore Hall í London, Carnegie Hall í New York, í Beethoven Haus í Bonn og Mendelsohn Haus í Leipzig. Hann er meðlimur í kammerhópnum Trío Reykjavíkur. Gunnar hefur margsinnis leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og allmargar hljómplötur og hljómdiskar hafa verið gefnir út með leik hans. Hann hlaut verðlaun úr sjóði Dr. Gunnars Thoroddsens árið 1990 fyrir tónlistarstörf og var valinn bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1996. Mörg undanfarin sumur hefur hann verið gestur á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í Bandaríkjunum. Sumurin 1999 og 2000 var honum einnig boðið að kenna og leika á tónlistarhátíð í Grikklandi. Í desember 2001 var honum boðið að koma fram ásamt Hauki Guðlaugssyni organista á sérstökum hátíðartónleikum í Vendrell á Spáni, fæðingarbæ Pablo Casals. Þann dag voru 125 ár liðin frá fæðingu meistarans. Gunnar var sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu í júní 2006.



Wolfgang Amadeus Mozart (1756 - 1791) samdi óperuna *La clemenza di Tito* við ítalskt libretto eftir Caterino Mazzolá. Hún er í tveimur þáttum og var frumflutt í Prag 1791. Skömmu síðar lauk Mozart við Töfraflautuna sem var eitt af hans síðustu verkum. Óperan var samin eftir pöntun og átti að flytja við krýningu Leopolds II, heilags rómversks keisara og konungs yfir Bæheimi, sem fram fór 6. september. Samningur um verkið var undirritaður 8. júlí svo það var ekki heiglum hent að taka að sér verkið. Mozart var þó ekki sá fyrsti sem beðinn var. Antonio Salieri var beðinn fyrst en hafnaði verkinu vegna anna. Sagt er að Mozart hafi samið óperuna á 18 dögum en uppi eru grunsemdir um að hann hafi átt eitthvað af efninu í handraðanum. Óperan sjálf er ekki oft á fjöllum óperuhúsanna en forleikurinn heyrst oft, enda snaggaralegur og skemmtilegur.



François Couperin (1668-1733) fæddist inn í fræga tónlistarfjölskyldu. Elsti þekkti tónlistarmaðurinn af þessari ætt var Mathurin Couperin sem fæddist um 1569. Hann var bóndi og virkur áhugátónlistarmaður. Afkomendurnir voru tónlistarmenn mann fram af manni, hljóðfæraleikarar, tónskáld og söngvarar, að minnsta kosti 17 nafntogaðir. Einn sonar-sonar-sonanna var François, sem varð þeirra frægastur og hefur gjarnan verið kallaður Couperin „hinn mikli“ til aðgreiningar frá hinum. François var mjög afkastamikið tónskáld þrátt fyrir fremur slæma heilsu. Frægastur var hann fyrir fjórar bækur með verkum fyrir sembal en hann skrifaði einnig fræðibækur um semballeik. Eftir hann liggja einnig mörg önnur verk af ýmsu tagi, bæði trúarleg og veraldleg. Síðari tíma tónskáld hafa sótt efni og innblástur í verk François Couperins, til dæmis Bach, Brahms, Richard Strauss og Ravel.



Gabriel Fauré (1845-1924) samdi *Élégie* árið 1880, skömmu eftir að hann lauk við fyrsta píanókvartett sinn. Hann ætlaði sér að semja sönötu fyrir selló og píanó og byrjaði á hæga kaflanum, eins og tónskáld hafa gjarnan gert. Skemmst er frá því að segja að ekkert varð úr hinum köflum sönötunnar. Fauré ákvað að gefa kaflann út sem sérstaka tónsmíð og frumflutti hann sjálfur árið 1883 ásamt sellóleikaranum Jules Loeb, sem verkið er tileinkað. Það sló strax í gegn og hefur æ síðan verið talið með þekktustu tónverkum höfundarins, nánast eins og einkennisverk hans. Fauré umritaði það fyrir selló og hljómsveit og var sú gerð frumflutt 1901 undir stjórn höfundarins og með Pablo Casals sem einleikara.

Sinfónía Mozarts nr. 31 í D-dúr var samin 1778 og er gjarnan kennd við París. Mozart var þar þá í atvinnuleit, 22 ára gamall, sem raunar bar ekki árangur. Frumflutningurinn fékk þó jákvæða dóma. Þess var getið að tónskáldið, sem hefði frá unga aldri getið sér gott orð sem semballeikari, yrði nú að teljast í hópi færustu tónskálda. Eitthvað hefur tónskáldið þó haft efasemdir því næst þegar sinfónían var flutt, tveimur mánuðum síðar, var hann búinn að semja nýjan miðkafla. Æ síðan hefur þessi sinfónía verið talin með bestu sinfóníum Mozarts. Hún er nokkuð óvenjuleg í formi. Hún hefur aðeins þrjá kafla, hinum hefðbundna menúett er sleppt. Hljómsveitin er óvenjulega stór og Mozart notar hér í fyrsta skipti klarinett í sinfóníu.

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Rós Pétursdóttir
Jelena Kuzminova
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Sungkyung Kang

2. fiðla

Kristín Þóra Jökulsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Alasdair Barbour
Brynhildur Höskuldsdóttir
Leifur Þorbergsson

Víola

Elín Björk Jónasdóttir
Finnur Jónsson
Jóhanna Ósk Valsdóttir
Páll Ingvarsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Sverrir Teitsson
Matylda Hermanska
Bianca Tighe

Kontrabassi

Dean Ferrell
Kjartan Guðnason

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Jón Guðmundsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Kristín Þóra Pétursdóttir
Ella Björt Teague

Fagott

Þórður Magnús Tryggvason
Bergrún Lilja Jónsdóttir

Trompet

Svanhildur Tekla Bryngeirsdóttir
Elísa Guðmundsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson
Erna Ómarsdóttir

Þákur

Frank Aarnink

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 8. febrúar 2015 klukkan 17. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Auk þess bendum við á að félagar úr hljómsveitinni leika með Selkórnum á tónleikum hans í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 7. desember, næstkomandi. Flutt verður Messa í G-dúr eftir Schubert. Stjórnandi er Oliver Kentish.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:
<http://www.ahugasinfonia.is/>



Félag tónlistarskólakennara
KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna styður kjarabaráttu tónlistarkennara og býður þeim frítt á þessa tónleika.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2014.



Reykjavíkurborg

